



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um verkefnastjóra framtíðarinnar

Á fundi borgarráðs þann 9. febrúar 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands:

Reykjavíkurborg auglýsti nýlega eftir verkefnastjóra framtíðarinnar. Starfsyfirlýsingin var svohljóðandi: „Umhverfis- og skipulagssvið leitar að verkefnastjóra til að taka þátt í mótun nýrrar verkefnastofu. Á verkefnastofu er unnið eftir hugmyndafræði verkefnastjórnunar, verkefnum er fylgt eftir frá upphafi til enda þvert á verkþætti og ábyrgðasvið fagskrifstofa. Verkefnin krefjast mikillar samvinnu teymismeðlima og allra hagsmunaaðila sem koma að verkefnum verkefnastofu. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í faglegu starfsumhverfi þar sem áhersla er á teymisvinnu og góða þjónustu. Næsti yfirmaður er skrifstofustjóri verkefnastofu.“ Óskað er eftir nánari útskýringum á því hvað felst í starfinu, t.a.m. með dæmum um hvernig verkefnum á að sinna. Einnig er óskað skýringa á því hvernig þetta fellur að samþykkt borgaryfirvalda varðandi tímabundnar ráðningareglur þar sem áhersla var sett á aðhald í ráðningum með áherslu á að manna störf í grunnþjónustu. Fellur þetta starf undir grunnþjónustu?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs með tölvupósti þann 15. febrúar 2023.

Svar við fyrirspurn:

Verkefnastofa vinnur að því markmiði að efla og bæta verklag við flókin og stór verkefni með aðferðafræði verkefnastjórnunar. Starfsfólk verkefnastofu hefur umsjón með og stýrir stórum fjárfestingarverkefnum þvert á skrifstofur sviðsins. Dæmi um verkefni sem unnin eru á verkefnastofu eru stór uppbyggingarsvæði s.s. Ártúnshöfði, Skerjafjörður og Gufunes sem og verkefni samgöngusáttmálans sem tengjast Borgarlínu.

Skv. ákvörðun Reykjavíkurborgar um tímabundnar ráðningarreglur sem samþykktar voru í október 2022 kemur fram að sviðsstjórar og stjórnendur í umboði hans bera ábyrgð á því að rekstur starfsstaða sé innan fjárheimilda í samræmi við samþykkt borgarstjórnar. Í því felst ábyrgð á aðhaldi og ráðdeild þegar kemur að mönnun starfsstaða og að heildarfjöldi stöðugilda á starfsstað eða sviði rúmist hverju sinni innan fjárheimilda þess. Launakostnaður umhverfis- og skipulagssviðs hefur verið innan fjárheimilda í samræmi við samþykkt borgarstjórnar. Þrátt



Reykjavíkurborg

fyrir gífurlegt verkefnaálag þá hefur stöðugildafjöldi sem og launakostnaður verið innan heimilda. Sviðsstjóri ásamt mannauðsstjóra og fjármálastjóra hafa fylgt verklagi varðandi ráðningar og einungis verið ráðið í störf þar sem þar sem ekki hefur verið mögulegt að leysa með öðrum hætti.

Virðingarfyllt,
Eva Kristinsdóttir
Verkefnastofa
Umhverfis- og skipulagssvið